

Morgunblaðið

41. árgangur.

146. tbl. — Fimmtudagur 1. júlí 1954.

Prentsmiðja Morgunblaðsins

Sólmyrkvinn:

Konur fæddu fyrir tímann í Höfn

Vísindarannsóknir gengu illa sökum dimmviðris

Ósló, 30. júní. — Frá Reuter-NTB.

FRÉTTIR hafa nú borizt af sólmyrkvanum frá hinum ýmsu löndum heims. Í þeim öllum fóru fram vísindarannsóknir, en auk þess hafa milljónir manna fylgt með þessu einstæða náttúru-fyrirbrigði allt vestan frá Bandaríkjum austur til Indlands. Óviða mun myrkvinn hafa sézt jafn vel og frá suðurhluta Íslands.

SIJÓNVARPAÐ

Í Bandaríkjunum sást myrkvinn allvel, enda veður sémilegt. Milljónir manna fylgdust með myrkvanum í sjónvarpi. Teknar voru kvikmyndir fyrir sjónvarpið úr flugvéllum og allar útvarpsstöðvar höfðu fréttamenn í flugvéllum, sem skýrðu hlustendum frá þróun myrkvans.

Í Evrópu var veðrið víðast slæmt og gengu því vísindarannsóknir illa. Fólk hafði safnast saman á húsbökum og götum úti til þess að horfa á myrkvann. Í Færeyjum hindraði slæmt veður sýn til myrkvans, en eyjarnar voru í miðju beltinu. Í Svíþjóð var heiðríkt loft yfir Gotlandi og suðureyjum, en ella skýjaþykkni, þar sem myrkvinn var algjör og mistókust því vísindarannsóknir víða.

DÝR ATHUGUÐ

Vísindaleiðangrar, sem höfðu aðsetur í austurrísku ölpunum og í Pýreneafjöllum unnu og verk sitt við slæm veðurskilyrði. Hins vegar sást deildarmyrkvinn úr mörgum löndum álfunnar.

Í Úkraínu var sólmyrkvinn kl. 16.12 eftir rússneskum tíma og flutti Moskvuútvarpið samfellda frásögn af myrkvanum. Í Þýskalandi og Ítalíu yfirgaf fólk vinnu staði sína til þess að sjá myrkvann, sem þar var þó aðeins deildarmyrkvi.

Danskur fæðingarlæknir skýrir svo frá, að margar konur í Höfn hafi fætt fyrir tím-

ann sökum sólmyrkvans, en það var vítað frá fyrri reynslu, að svo myndi fara.

Í dýragörðum viðsvegar um Evrópu voru dýrafræðingar á varðbergi til þess að athuga áhrif myrkvans á hin margvíslegustu dýr, en slíkt tækifæri til athugunar hafa þeir ekki haft áður. Fuglafræðingar fóru og á stúfana sömu erindagjörða.

Armas notaði dönsk vopn

KAUPMANNAHÖFN, 30. júní. — Það hefur vakið athygli meðal manna, sem bera skynbragð á vopn í Danmörku, að vopn þau, sem innrásarherinn í Guatemala notaði líkjast mjög danskframléiddum vopnum. Er hér einkum um að ræða hina svonefndu Madsen-vélbyssu af gerðinni frá 1946.

Er hún framléidd af Industri-syndikatínu í Höfn, sem er til húsa í Friðhöfnni.

Danska blaðið Information hefur rannsakað málið og komizt að þeirri niðurstöðu, að fyrir nokkrum vikum seldi verksmiðjan 500 byssur af þessari tegund til Caracas í Suður-Ameríku. — Jafnframt fór nokkur vopnasending til Bandaríkjana. Þykir nú öruggt að uppreisnarmenn hafi unnið sigur sinn með byssum frá Dönum. — Reuter-NTB.

Vopnahlésuræður í San Salvador

Kommúnistar unnvörpum handteknir

Frá Reuter-NTB

★ NEW YORK, 30. júní: — Eins og BBC skýrði frá þegar í gær hættu bardagar í Guatemala seint í fyrrakvöld. Samdi þá hinn nýi forseti landsins, Mon-

★ zan ofursti við Armas foringja innrásarmanna og lögðu báðir herirnir niður vopn. Lífið gengur nú aftur sinn vana gang í landinu eftir hina


★ óvenju stuttu styrjöld, sem þar var háð og stóð aðeins í 10 daga. Hin nýja bráðabirgðastjórn landsins, sem háttsettir hershöfðingjar skipa, hefur

★ gefið út tilkynningu til íbúa landsins um að láta af hendi öll þau vopn, sem í þeirra fóru hafa komið meðan á bardögum stóð.

Fyrir í dag gaf Castillio Armas út tilkynningu um, að vopnahléð skyldi vara þar til formlegar viðræður um frið gætu hafizt, en ákveðið hefur verið, að þær skuli fara fram í San-Salvadorríkinu.

Sérstök áherzla er nú lögð á það í Guatemalaborg að elta uppi og hneppa í fangelsi alla kommúnista, hvar sem þeir finnast.

Mikill mannfjöldi hefur safnast saman fyrir framan mexíkanska sendiráðið, en lausafregnir herma, að þar hafi Arbenz forseti og aðrir kommúnistaforsprakkað leitað hælis. Fréttir frá Hondúras segja, að mexíkanska stjórnin muni senda flugvél eftir Arbenz, sem ætlar að setjast að í Mexíkó. Gleði ríkir í landinu yfir vopnahléinu.



Þessi mynd sýnir sólmyrkvann á hinum mismunandi stigum. — Myndin lengst til vinstri sýnir, er skuggi tunglsins hefur færzt allmjög yfir sólina og þurrkað út hluta hennar fyrir sjónum manna. Er sú mynd tekin nokkrum mínútum fyrir hádegi. Næsta mynd sýnir deildarmyrkvann svipaðan og hann sést frá Reykjavík og mörgum löndum Suður-Evrópu. Þar sést aðeins lítið brot sólarinnar fram hjá skugga mánans. Myndin er tekin á hádegi. — Síðasta myndin sýnir algjöran sólmyrkva, er rökkur hafði lagzt yfir landið og sólín var formyrkvuð með öllu. Kórónan sést sem daufur geislaaugur utan um svarta sólina. Myndirnar eru allar teknar í Vík í Mýrdal af Ljós. Mbl. Ólafí K. Magnússyni.

Sólmyrkvinn —

Stórkostlegasta náttúrufyrirbrigði síðan Hekla gaus

Á Skógasandi féll myrkur yfir landið og stjörnur skín á himni

E.U.P. hættir að ári

PARÍS, 30. júní: — Sú ákvörðun var tekin á fundi greiðslubandalags Evrópu í dag, að það skyldi aðeins starfa í eitt ár enn. Bandalagið var stofnað fyrir nokkrum árum til þess að auðvelda þjóðum að ráða bót á gjaldeyrisörðugleikum sínum og hafa Íslendingar mjög notið góðs af því. — Reuter-NTB


ÞEIR, sem sáu sólina almyrkvast í gær voru vitni að einu stórkostlegasta náttúrufyrirbæri, sem augum getur að líta. Um hádaginn féll myrkur yfir landið, napur gjóstur næddi um menn og skepnur, og stjörnur skín á himni eins og á vetrarnóttu. Þar sem fréttamenn Mbl. voru staddir á Skógasandi undir Eyjafjöllum, stóð hinn algeri sólmyrkvi í rúmlega eina mínútu. Að þeim tíma loknum kom örlítill rönd af sólinni fram undan tunglinu og innau skamms skein hún glatt í heiði. Heimurinn varð á ný bjartur og hlýr, þar sem fyrir örskammi stundu hafði ríkt hrollvekjandi myrkur og kuldi.

SÓLMYRKVAFLUG MEÐ SNÆFAXA

Gærdagurinn rann upp heiður og bjartur hér sunnanlands. Var það mjög mikils virði fyrir vísindalegar rannsóknir á sólmyrkvanum. Flugfélag Íslands vildi gera sitt til þess að auðvelda blaðamönnum að fylgjast með þessu merkilega náttúrufyrirbrigði og bauð þeim þessvegna með í sólmyrkvaflug (sbr. miðnætursólarflug) til Vestmannaeyja. Skyldi sú ferð hefjast laust fyrir kl. 11 árdegis. En vindur gerðist þá of hvass til þess að unnt væri að lenda á flugvelli í Eyjum. Var þessvegna stefnt austur á Skógasand undir Eyjafjöllum, sem einnig var á því svæði, þar sem almyrkvi mundi verða á sólu. Fararkosturinn var Snæfaxi, hin nýja Douglasdakota vél Flugfélagsins. Var hún fullskipuð farþegum, ungum og gömlum, konum og körlum. Yngsti farþeginn mun hafa verið innan við 10 ára en hinn elzti á áttræðisaldri.

FÖGUR FJALLASÝN

Þegar flogið var austur með landinu var útsýn hið fegursta. Suðurlandsundirlendið breiddi úr sér með nýslegnum lúnum, stórflyjótum sínum, ægisöndum og brimfextri strönd. Inn í landinu blöstu við eldfjöll og jöklar, úti í hafi risu Vestmannaeyjar upp úr Djúpinu. Yfir þetta svipmikla land skein júnísólin, heit og sterk. En innan skamms mun hún sortna og dimmur skuggi sól-Framh. á bls. 2



Þessi mynd er tekin, þegar almyrkvinn á sólu stóð sem hæst. Skuggi mánans hylur sólina með öllu, svo hún verður aðeins svört kringla á himinhvolfinu. Myndin er tekin frá Skógasandi í Rangárvallasýslu, en þar stóð almyrkvinn í um eina mínútu. Myrkur ríkti þegar myndin var tekin. — Ljós. Mbl. P. R. Jónsson.